

Fundargerð – Rafrænn fundur Aðalstjórnar UMF Tindastóls

Dagsetning: 20. Júlí 2025

Fundarform: Rafrænn fundur í gegnum skrifleg samskipti

Fundarmenn: Magnús Barðdal, Stefán Árnason, Sigurlína Magnúsdóttir og Gunnar Traustason, Guðlaugur Skúlason.

1. Merkingar á Íþróttahúsinu í merki Tindastóls

Rætt var um möguleika á að setja merkingar á Íþróttahúsið þar sem merki Tindastóls yrði áberandi hluti af ásýnd hússins. Markmið verkefnisins er að styrkja sýnileika félagsins og efla tengingu íþróttahússins við starfsemi Tindastóls.

Í umræðunni kom fram að kanna ætti möguleika á að fá listamenn eða aðra sem sinna slíkum verkefnum til að leggja fram hugmyndir og tilboð í verkið.

Samþykkt var að hafa samband við mögulega aðila og óska eftir tillögum og kostnaðaráætlunum áður en frekari ákvarðanir verða teknar.

Fleira var ekki rætt.